

Sp.

619. Nefndarálit

[67. mál]

um till. til þál. um opnun vegasambands milli Fljótshverfis og Suðursveitar, þannig að vegakerfið myndi órofa hringleið um landið.

Frá 1. minni hl. fjárveitinganefndar.

Tillaga þessi er nú flutt í þriðja sinn á Alþingi, en hefur ekki fengið afgreidd. Nefndin hefur rætt tillöguna og fengið um hana umsögn vegamálastjóra, sem staðfestir mikilvægi þess máls, sem tillagan fjallar um.

Meiri hluti fjárveitinganefndar hefur lagt til, að tillögunni verði vísað til ríkisstjórnarinnar, en undirritaður leggur til, að hún verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 4. maí 1965.

Geir Gunnarsson.